

Sveitarfélagið Vogar
Davíð Viðarsson
Iðndal 2
190 Vogar

Reykjavík, 8. júlí 2022
UST202206-166/A.B.
10.04.01

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og breyting á deiliskipulagi - íbúðarhverfi Grænuborg

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Voga er barst 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúðarhverfið Grænuborg.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að íbúðum á svæðinu fjölgar um 400-500 og verður hverfið fullbyggt eftir breytingu með um 850-900 íbúðum, eða um 35-37 íbúðir á hvern hektara.

Auk þess segir að þar sem skipulagssvæðið er að hluta til á hrauni skal leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða og á opnum svæðum.

Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir byggingarreit þar sem er heimilt að reisa dælu- og hreinsistöð fráveitu. Hæð byggingar skal vera að hámarki 3,0 m yfir uppgefnum gólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Grunnflötur byggingar skal að hámarki vera 25 m².

Hraun

Í greinargerð kemur fram að meginhluti svæðisins er hraun sem er að miklu leyti þakið mosapembu, þó er töluvert graslendi meðfram ströndinni.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að tillagan geri ráð fyrir að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða og á opnum svæðum. Hins vegar er óljóst hvernig ofangreint verður útfært á deiliskipulagsstigi.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að innan svæðisins séu jarðminjar kortlagðar og svæðið hannað með þeim hætti að götur, lóðir, göngustígar, leiksvæði og byggingarreitir séu staðsettir með tilliti til minjanna.

Fráveita

Í breytingu á deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýrri dælu- og hreinsistöð fyrir fráveitu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um reitinn og hvernig hann samræmist aðalskipulagi sveitarfélagsins og hvernig hreinsistöðin muni tengjast fráveitukerfi þéttbýlisins.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að álag (mengun) við strendur, í ám og stöðuvötnum vegna skólps hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi.

Gera þarf ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að kröfur um hreinsun á skólpi frá þéttbýli sem losar undir 10.000 pe. í sjó er viðunandi hreinsun. Í viðunandi hreinsun felst skv. 14. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 798/1999 að hreinsa skal skólp með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.- V. viðauka.

Auk þess vill stofnunin benda á að útrásirnar þurfa að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Auk þess er óheimilt að leiða skólp þannig að frárennslisop opnast til hafna.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða aðrar náttúrulegar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Hægt væri að gera ráð fyrir hreinsivirki sem er minna umfangs ef hægt væri að koma ofanvatni í annan umhverfisvænni farveg. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur með ofanvatni og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur